MÚÚ
Miðstöð útivistar og útináms

Tálgað í tré

Við kynnumst fjölbreyttu skógarefni og hvernig hægt er að nýta náttúrulegan efnivið í leik og starfi. Á námskeiðinu verður farið yfir grunnatriði í tálgun, hvernig hægt er að framkvæma tálgun með börnum á öruggan hátt og velt upp hvernig náttúrulegur efniviður og tálgun getur aukið tengsl barna við núvitund, nærumhverfi og náttúru. Þátttakendur fá að spreyta sig sjálfir á náttúrulegu handverki.



- 140 - MIN

- Mánudagur **7. september** 2026 kl. 10:00-12:20
- Mánudagur **14. september** 2026 kl. 10:00-12:20
- Föstudagur **18. september** 2026 kl. 10:00-12:20

Ævar Aðalsteinsson

Miðstöð útivistar og útináms, Gufunesbær við Gufunesveg, 112, Reykjavík, muu@reykjavik.is

MÚÚ
Miðstöð útivistar og útináms

Gufuneseyjan

Gufuneseyjan er þverfaglegur leikur sem býður upp á ævintýralega dagskrá með verkefnum sem fléttast saman við eyðieyju þema. Þátttakendur leysa margvíslegar þrautir í litlum hópum og þurfa m.a. að klifra, ganga, skjóta úr boga og kasta og lesa í kort. Stuðst verður við grunnþætti útieldunar, rötunar ásamt því að þátttakendur þurfa að reisa sér skýli.



- 140 - MIN

- Fimmtudagur **7. september** 2026 kl. 10:00-12:20
- Fimmtudagur **14. september** 2026 kl. 10:00-12:20

Níls Óskar Nílsson

Miðstöð útivistar og útináms, Gufunesbær við Gufunesveg, 112, Reykjavík, muu@reykjavik.is

MÚÚ
Miðstöð útivistar og útináms

Eldfimi og útieldun

Að kunna að kveikja eld og hafa vald á honum er sannkölluð lífsfærni. Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði hvernig kveikja eigi eld og halda honum logandi á öruggan hátt auk þess sem fjallað verður um hvernig nýta megi eld í skipulagðri starfsemi og hvaða ávinning það hefur. Þátttakendur fá að æfa sig í eldfærni og spreyta sig á nokkrum einföldum útieldunar hugmyndum sem auðvelt er að framkvæma.



- Fimmtudagur **10. september** 2026 kl. 12:30-14:50
- Fimmtudagur **17. september** 2026 kl. 12:30-14:50

Ævar Aðalsteinsson

Miðstöð útivistar og útináms, Gufunesbær við Gufunesveg, 112, Reykjavík, muu@reykjavik.is

MÚÚ
Miðstöð útivistar og útináms

Snjallratleikir

Snjallratleikir eru öflugt og skemmtilegt tæki til náms og leiks sem bjóða upp á mikla möguleika og ný tækifæri.

Fjallað verður um rafræna ratleiki og fjölþættan ávinning þeirra í leik og starfi. Kynnt verður snjall-ratleikja forritið Actionbound og fá þátttakendur að spreyta sig á ratleik á útivistarsvæðinu til að kynnast eiginleikum rafrænna ratleikja.





SNJALL
RATLEIKIR





- 140 - MIN

- Fimmtudagur **10. september** 2026 kl. 12:30-14:50
- Fimmtudagur **17. september** 2026 kl. 12:30-14:50

Stína Bang

Miðstöð útivistar og útináms, Gufunesbær við Gufunesveg, 112, Reykjavík, muu@reykjavik.is